ÁGÚST
1980

JAFNRÉTTISNEFND
NESKAUPSTAÐAR

# ÍHUGUNARBRÉF UM OFBELDI

## ~ PRINSINN ~

Þegar álögin
skullu á

var kóngurinn að berja
drottninguna,
hirðmenn að berja
hirðmeyjar,
skjaldsveinar að berja
skjaldmeyjar,
matsveinninn að berja
lærlinginn . . .

eða svo segir í ævintýrinu.

Enginn var að berja
Þyrnirós.
Prinsinn var ekki
kominn til sögunnar.

Dagný Kristjánsdóttir

Eitt af verkefnum jafnréttisnefnda er að hafa með höndum fræðslu- og upplýsingastarfsemi um jafnréttismál.

Nú er mikil umræða í gangi í nágrannalöndum okkar um ofbeldi sem konur verða fyrir af eiginmönnum sínum og sambýlismönnum. Þessi mál eru einnig rædd hér á landi og er skemmst að minnast sjónvarpsþáttar um þetta efni í vetur. Þessu bréfi er aetlað að vera innlegg í þá umræðu.

## ENGINN SKYLDI ÆTLA AÐ EKKI LIGGI ORSAKIR FYRIR SJÚKLEGRI OFBELDISHNEIGÐ

Ofbeldi kemur fram í hinum margvíslegustu myndum. Barsmíðar eru einn þáttur af andlegri og líkamlegri valdbeitingu sem „friðhelgi einkalífsins" hylmir yfir og eru miklu almennari en almennt er viðurkennt. Þær bitna mest á konum og börnum.

Kynbundin verkaskipting og tilfinningaleg bæling leggur mörgum þungar byrðar á herðar.

Á milli hjóna ríkir oft á tíðum algert sambandsleysi sem orsakast m.a. af gjörólíku uppeldi karla og kvenna.

HEFUR ÞÚ VERIÐ BARIN(N)?
HEFUR ÞÚ BARIÐ EINHVERN?

Í Danmörku er um 5 - 6% kvenna misþyrmt af eiginmönnum sínum (sparkað í þær, barðar, slegið í vegg) og auk þess eru 25% barðar af og til.



## HVERNIG SKYLDI ÞETTA VERA HJÁ OKKUR Á ÍSLANDI?



Hjá lögreglunni í Reykjavík eru til skýrslur yfir 445 útköll á 10 fyrstu mánuðum ársins 1979 þar sem óskað var aðstoðar vegna misþyrminga karla á eiginkonum eða sambýliskonum. Í 85 tilfellum var um hreina líkamsárás að ræða. 16 konur voru fluttar á slysadeild. Hér við bætast útköll sem ekki eru skráð og tilfelli sem enginn veit um.

## AF HVERJU OFBELDI?

- eignarétturinn -
- karlmennskan -
- minnimáttarkenndin -
- mikilmennskan -



„Þú ert auli ef þú getur ekki stjórnað konunni!"

— Sumir reyna að upphefja sjálfa sig með því að undiroka aðra —

— kunna sumir ekki að tjá sig öðru vísi? —

„ERTU EKKI KARL Í KRAPINU, HA?"

Hvað gerir þú ef þú verður vör/var við að vinkona þín eða nágrannakona býr við ofbeldi?



Hvað gera læknar, lögregla, prestar eða félagslegar stofnanir við þessu vandamáli?

Hvert geta ofbeldisseggirnir leitað hjálpar?

„Þær vilja láta berja sig". Hefurðu heyrt þessa fullyrðingu?

Hvert getur kona sem hefur verið nauðgað snúið sér?

# KONUR OG KARLAR!

Rjúfum þögnina. Ræðum við þá sem við treystum.
Hefjum opna umræðu um þessi mál.
Styðjum hvert annað – þolum ekki ofbeldi.